

**Ed.**

## **232. Frumvarp**

til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Einar Árnason.

### 1. gr.

Af öllum lóðum innan löggilts verslunarsvæðis í Siglufjarðarkaupstað og af húsum á þeim lóðum skal árlega greiða skatt í bæjarsjóð Siglufjarðar svo sem hjer segir:

1. Af lóðum, er liggja að sjó í Bakka, Hvanneyrarkrók, Siglufjarðareyri og innan Siglufjarðareyrar og austan fjardar, 6 af þúsundi af virðingarverði fasteignar samkvæmt fasteignamati.
2. Af húsum á þeim lóðum 3 af þúsundi.
3. Á aðrar fasteignir í kaupstaðnum heimilast bærstjórn að leggja árlegan skatt, 3 af þúsundi af lóðum og  $1\frac{1}{2}$  af þúsundi af húsum.

Tún og garðar og fasteignir, sem eru eigi fasteignaskattskyldar samkv. lögum nr. 66, 1921, eru undanskildar þessum skatti.

### 2. gr.

Skatturinn greiðist á manntalsþingi af þeim, sem hefir fasteignirnar á leigu, og innheimtist af bæjarfógeta Siglufjarðarkaupstaðar með 4% innheimtulaunum. Skatturinn innheimtist í fyrsta sinni á manntalsþingi 1925.

### 3. gr.

Skattinn má taka lögtaki, og gengur skatturinn í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum á eignum, er hann hvilir á, næst eftir fasteignaskatti til ríkisins.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

## **Greinargerð.**

Sjóvarnargarðurinn á Siglufirði er bygður til þess að verja hús og lóðir kaupstaðarins fyrir eyðileggingu af sjávargangi. Meira en helming garðsins er þegar búið að byggja, og gert er ráð fyrir, að verkinu verði lokið á þessu ári. Mun garðurinn fullgerður kosta um 100 þús. krónur. Leggur kaupstaðurinn fram helming kostnaðarins, og hefir þegar fengið lán til þess. Auk þess hefir bærinn tekið að sjer viðhald garðsins að öllu leyti í framtíðinni.

Til þess að standast þennan kostnað, telur bærstjórnin nauðsyn á nýjum tekjustofni fyrir bæjarsjóð og vill byggja hann á þeim fasteignum, sem verið er að vernda með byggingu garðsins. Fyrir því er þetta frumvarp flutt, samkvæmt ósk bærstjórnarinnar.